

REGLUGERÐ

um innleiðingu reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

1. gr.

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2004 frá 8. júní 2004 gildir eftirtalin EB-gerð hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiða af XIV. viðauka við EES-samninginn um samkeppni, bókun I um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (samrunareglugerð EB).

2. gr.

Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 hefur áður verið birt sem fylgiskjal með reglugerð nr. 654/2005 sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 2005, bls. 1452-1474.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 32. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, öðlast þegar gildi.

Með þessari reglugerð fellur úr gildi 1. gr. j reglugerðar nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. reglugerð nr. 654/2005.

Viðskiptaráðuneytinu, 18. september 2006.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Jónína S. Lárusdóttir.